

Mál nr. 181/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/ferðatryggingar (ferðarof)

Ágreiningur um bótaskyldu vegna niðurfellingar ferðar 18.04. 2010.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.06. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt tilkynningu um ferðatjón var M á ferðalagi í Suður Afríku, áætluð heimferð 18.04. 2010 tafðist til 25.04. 2010 sökum veðurskilyrða þ.e. flug var felld niður sökum ösku í háloftunum sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið um óhagstæð veðurskilyrði að ræða þó að flug hafi verið felld niður sökum afleiðinga eldgoss.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ekki er uppfyllt skilyrði skilmála um greiðsluskyldu. Aska í háloftunum varð þess valdandi að flug var felld niður í umrætt sinn en ekki óhagstæð veðurskilyrði. Flug sem felld er niður eða seinkað vegna afleiðinga eldgoss (ösku) fellur ekki undir ákvæði skilmála vátryggingarinnar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 5. ágúst 2010

Rúnar Guðmunsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.